

Reglugjörð

um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir

Vestur-Skaftafellsýslu frá 6. júlí 1899.

122
26. sept.

Ákvæði, sem gilda að eins fyrir Hvammshrepp.

1. gr.

Allir fjáreigendur í Hvammshreppi, sem ekkert upprekstrarland eiga og þeir, sem of lítið upprekstrarland hafa að dómi hreppsnefndar eða matsmanna, eru skyldir til að útvega sjer upprekstrarland á sumrum.

2. gr.

Hreppsnefndin ákveður hverjar jarðir sju í hreppnum svo landrikar, að beri fjenað til sumargöngu auk heimafjenaðar, og tilkynnir á vori hverju, hvað hver ábúandi fyrir sig má taka það sumar auk heimafjenaðar.

3. gr.

Ef landeigendur vilja taka utanhreppsfe til sumargöngu og hreppsnefnd álitur það fært, þá er það heimilt, en enginn landeigandi má taka fleira en hreppsnefnd telur fært, nema gerð sje ítala, sem ákveður annað. Ætíð skulu innanhreppsmenn sitja fyrir utanhreppsmönnum.

4. gr.

Hver fjáreigandi í hreppnum, sem á 10 sauðkindur og ekki er öðrum háður sem hjú, er skyldur til að gera fjallskil, og sömuleiðis skulu allir utanhreppsmenn, sem upprekstur nota í hreppnum, samkvæmt niðurlögun hreppsnefndar jafnskyldir sem innanhreppsmenn að inna fjallskil af hendi eftir fyrir-mælum hreppsnefndar og til að sækja fe í utanhreppsrjettir.

122

26. sept.

5. gr.

Enginn getur verið undanþeginn fjallskilaskyldu, nje að greiða hagatoll, þótt hann sleppi fjenaði í heimahaga eða láti hann renna burt og hirði ekki um að útvega haga, og gildir þetta eins fyrir utanhreppsmenn.

Að öðru leyti gildir hin almenna fjallskilareglugjörð sýslunnar, ásamt viðauka við hana frá 30. apríl 1913.

6. gr.

Brot á móti þessum reglum varða sömu sektum og fjallskilareglugjörðin ákveður.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjer með til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 26. september 1916.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.